

# Fundur í fagráði nautgriparæktar 26. september 2022

## Fundargerð

Fundurinn var fjarfundur í Microsoft Teams, haldinn 26. september 2022 og hófst kl. 10.00.

**Mættir:** Þórarinn Leifsson, Hermann Ingi Gunnarsson, Elín Heiða Valsdóttir, Guðrún Eik Skúladóttir, Egill Gunnarsson, Guðrún Björg Egilsdóttir, Sigtryggur V. Herbertsson og Guðmundur Jóhannesson er ritaði fundargerð. Björn S. Gunnarsson og Sigurbjörg Bergsdóttir boðuðu forföll.

### Dagskrá:

1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar
2. Nýtt kynbótamat – nautaval
3. Val nauta eftir upptöku erfðamengisúrvals
4. Kúaskoðun
5. Önnur mál

### 1. Fundarsetning og fundargerð síðasta fundar.

Þórarinn Leifsson, formaður fagráðs, setti fund og stýrði honum. Fundargerð síðasta fundar, dags. 15. júní 2022, samþykkt en hún hafði áður verið afgreidd óformlega í tölvupósti.

### 2. Nýtt kynbótamat - nautaval.

Guðmundur fór yfir niðurstöður kynbótamatsins núna í september og tillögu að reyndum nautum í notkun. Breytingar frá síðasta mati eru litlar. Ákveðið að eftirfarandi naut verði í notkun: Mikki 15043, Tanni 15065, Bikar 16008, Jarfi 16016, Skírni 16018, Róður 16019, Kári 16026, Jónki 16036, Herkir 16069, Kopar 17014, Þróttur 17023, Jötunn 17026, Búkki 17031, Ós 17034, Títan 17036 og Óberon 17046.

Nautsfeður til notkunar næstu mánuði Bikar 16008, Jarfi 16016, Herkir 16069, Búkki 17031, Ós 1734 og Títan 17036 en af nautsfeðralista fellur Jötunn 17026.

### 3. Val nauta eftir upptöku erfðamengisúrvals.

Rætt um hvernig vali á nautum verði best hagað eftir að erfðamengisúrval kemur til framkvæmda. Þar stöndum við helst frammi fyrir því að ákveða þarf hvernig haga skuli vali, sýnatöku og skoðun á þeim nautkálfum sem koma til greina á stöð. Skoða þarf málið vel og vandlega með hliðsjón af fjölda og hvernig framkvæmdin verði sem auðveldust og þægilegust þannig að ferillinn verði sem næst hnökralaus.

### 4. Kúaskoðun.

Sigtryggur fór yfir fjölda dæmdra kúa og kvígna undan reyndum og óreyndum nautum. Þar kom fram að á hverju ári er innan við helmingur dæmdra kúa undan óreyndum nautum en það eru þeir gripir sem gefa okkur upplýsingar fyrir afkvæmadóm nautanna. Með upptöku erfðamengisúrvals mun eðli kúaskoðunar breytast þannig að dómarnir verða í raun staðfesting á erfðamatinu.

Rætt um hvernig fyrirkomulagi kúaskoðunar verður best fyrir komið í framtíðinni með hliðsjón af tíma og kostnaði. Málið verður skoðað áfram og þá hvort til greina komi að gripir verði flokkaðir eftir því að hvaða notum niðurstöður komi og þá jafnvel að gjald verði innheimt af bændum fyrir skoðun á gripum eftir því hversu miklum upplýsingum dómar bæta við í hið sameiginlega ræktunarstarf.

## 5. Önnur mál.

Hermann nefndi hvernig málum miðaði við að birta hæð dætra hjá hverju og einu nauti í nautaskrá. Guðmundur sagði að þetta yrði gert í næstu prentuðu nautaskrá en á netinu væri þetta aðeins meira mál sem kostaði forritun og hann vildi því biðja þar til við gætum hreinlega reiknað kynbótamat á þennan eiginleika.

Hermann nefndi hvort fagráð hefði einhvern tímenn sett einhver viðmið varðandi fanghlutfall óreyndra nauta. Guðmundur sagði það ekki hafa verið gert en það væri ávallt fylgst með árangri einstakra nauta og þeim kippt úr notkun þegar ljóst væri að fanghlutfall væri óeðlilega lágt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Þórarinn Leifsson  
(sign.)

Guðmundur Jóhannesson  
(sign.)

Hermann Ingi Gunnarsson  
(sign.)

Elín Heiða Valsdóttir  
(sign.)

Guðrún Eik Skúladóttir  
(sign.)

Guðrún Björg Egilsdóttir  
(sign.)

Egill Gunnarsson  
(sign.)

Sigtryggur V. Herbertsson  
(sign.)

## Fylgiskjöl:

1. Fundargerð 15. júní 2022
2. Helstu niðurstöður kynbótamats í september 2022